



ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 þar sem kennarar hennar voru Hermína S. Kristjánsson, Jón Nordal og Margrét Eiríksdóttir og stundaði Post Graduate-nám við Guildhall School of Music í London. Hún hefur síðan starfað á Íslandi við margvísleg störf píanistans, í kammertónlist, meðleik og sem einleikari og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2009 sem flytjandi ársins. Anna Guðný hefur verið píanóleikari

Kammersveitar Reykjavíkur um langt árabil; ferðast víða með henni og leikið inn á geisladiska, en alls hefur hún leikið inn á um 30 geisladiska með ýmsum listamönnum. Hún kemur reglulega fram á Listahátíð í Reykjavík svo og innan raðar Tíbrár-tónleikanna í Salnum í Kópavogi. Hún er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.